

Athugið reikninginn.

Reikningar hvers kaupanda Hkr. stendur á hverju blaði. Ársreikningur út. Það er bráðnauðsynlegt að þeir allir gefi þessum reikningi gætur.

Nú liggur oss á. Sendið peningana.

Winnipeg.

Joseph J. Johnson og Gísli G. Lundal eiga bréf hjá Hkr.

Séra O. V. Gíslason kom hingað til þéjarins í vikunni er leið; kom með póstvagninum til Selkirk.

Maður að nafni J. Smith réði sér hana á Hotel Leland hér í bænum á sunnudaginn var. Um ástæður veit enginn.

Vegna þess hve illa þærinn er viðbúinn að verjast eldi, hafa eldsbyrgðar félagin hækkað ábyrgðargjaldið svo nemur 25%.

Læknaskóla-stúdentarnir. Ólafur Björnsson og Magnús B. Halldórsson frá Dakota, komu til þéjarins á mánudaginn var og eru teknir til við námið.

Íslendingar eru nú sem óðast að flytja út í hina nýju nýlendu þeirra á suðvesturströnd Manitoba-vatts. Fara út þangað fleiri og fleiri í hverri viku.

Landstjórnir og frá Aberdeen með föruneyti sínu, komu úr "vesturfor" sinni á miðvikudaginn var og dvöldu í bænum þangað til á fimtugdaginn; höldu þá áfram heimleiðis.

Farþegjafutningur með pósti frá Selkirk norður um Nýja Ísland til Íslandsgjafstjóra er nú byrjaður aftur. Hinu góðkunnri póstr Kristján Sigvaldsson hefir taumhaldið enn.

Nefndin sem Dominion-stjórn skipaði til að rannsaka lætur um óhöflegt járnbrautarflutningsgjald hér vestra, er nú komin til Wpg. og tekur til starfa þessa dagana.

Á næsta kjörþingi (18. Des.) eiga þéjarmenn að fella eða samþykkja með atkvæðum sínum uppástungu um, að taka til láns \$225 000, er verja skal til að útvega bænum neglegt vatnsafl handa slökkvilið þéjarins og til að þvo lokrasía o. s. frv. Við stór-eldinn um daginn kom greinilega í ljós, hve illa þærinn er staddur vegna vatnsleysis ekki síðar en veldafarar, ef eldur kemur upp í morgun stöðum í senn.

Viturlegt val.

Tvær heyskaparjörðir eru höðnar til sölu í sömu sveit. Kaupandinn kemur og sér að jörðirnar eru jafnar að stærð og kosta báðar það sama. Hann fer samt að vita að önnur jörðin gefur hálfu öðru tonn meira af ekrum en hin, og án frekari umsvifa kaupir hann jörðina. Sem gefur meira af sér. Diamond Dye sem eru svo marggreiddir lita helmingi meira efni en aðrir litir, sem seldir eru víða fyrir sama verð. Getur verið nokkur efi um það hvern litinn konur kjósa þær þurfa að kaupa sér litarefni?

Hr. Sjólfur J. Eastman varð fyrir bráðlegu slási fyrra miðvikudag; var að hússamíði og féll niður af pöllum um 30 fet. Meiddist hann stórmikið og hefir legið þungt hallinn síðan, en er nú á batavegi.

Herra Guðmundur Guðmundsson, 765 Elgin Ave. hér í bænum, er fluttur út að Manitoba-vatni suðustanvert og stundar þar fiskveiði í vetur. Utþotakrifi til hans er: St. Laurent P. O. Man.

Unitara-söfnunurinn er að efna til ágættrar skemtisamkomu, sem fyrirhugað er að halda einhverntíma í fyrstu viku næsts desember-mánaðar. Auk almennra skemta er ráðgert að hafa tombölu. Meira í næsta blaði.

Kvef í höfðinu. — Nasal Balm linar það undireins; laknar á stuttum tíma. Bregst aldrei.

Kvöldskemtan sú, er félagin "Hekla og "Skull" höfðu ákveðið að veita mönnum á mánudagskvöldi var, var frestað vegna ófyrirsjáanlegra orsaka. En nú verður hún áreiðanlega höfð á mánudagskvöldið kemur á sama stað og tíma—kl. 8 í Northwest Hall. Aðgangur ókeypis; allir velkominir.

Í "Húsfóðrafélaginu" í 4. og 5. kjördæli þéjarins var það samþykkt á síðasta fundi mótmelalaut, að stýðja Thomas Gilroy til að ná mayors-stöðunni við næstu kosningar. Nokkrir háttstandandi verzlunarmenn í bænum voru á fundinum og var að heyrta að þeir væru ánægðir með Gilroy. Eins vist sekkir enginn móti honum.

Herra Gestur Oddleifsson, sveitarráðsmaður í 3. kjördæli í Gimlisveit, heilsaði upp á oss núna í vikunni og sagðist hafa aftrúið að bjóða sig fram til endurkosningar í þá stöðu einu sinni enn. Ekki hefir hann enn heyrð að nokkur annar bjóði sig fram í þeirri deild.

Herra Eiríkur Gíslason býst til að taka farangur eða annað til flutnings hédan úr bænum til helstu staða í Nýja Íslandi. Hann býst við að fara af stað strax eftir helgina og verður þá framfyrir vetrinum að flytja vörur fram og aftur milli nýlendunnar og Selkirk. Þeir, sem vilja nota þetta tækifæri, þurfa að finna hann tafarlaust að heimili hans, 601 Ross Ave.

Þessa dagana lýkur C. P. R. félagið samningum við ymsa menn hér í bænum um að hægva í vetur 2-3 millj. af járnbrautarbændum. Af því er að ráða að félagið hafi í hug að vinna meira næsta sumar en á því umliðna. Sumir gjoka á að Selkirk-Dauphin-brautin sé á þröngum, ef Greenway vill "leggja í þúkk", og sem ekki er ótrúlegt, því ekki eru nema 18 mánuðir til kosninga.

A laugardagskvöldið kemur verður "ratlað" svo að segja nýjum og velgöllum "Shanty" í Fort Rouge, er kostaði að smíða um \$75. Eigandi smálýsis þessa er Mrs. Helga Jónasson. Hálfatak ekkja, sem hefir fyrir 2 ungum börnum að sjá. Aðgöngumáttarnir að teningskastinu kosta að eini 25 cents og er það svo lítið verð, að engann munar um að "reyna lukkuna". Jafnframt ber mönnum að hafa hugfast, að með því að kaupa einn seðil hjálpar hver ein þessari bágstöðu konu að hafa ofan af fyrir sér og munadurlausum börnum sínum.

Íslensk stúlka, Helga Ingebjörgsdóttir að nafni og settuð úr Þingeyjarsýslu, kærði fyrir nokkru manni einu að nafni George W. Earle fyrir tilraun að svívirða sig. Var mál þetta flutt fyrir yfirrétti nú nýlega og lauk þannig, að Earle var fundinn sekur og laugardaginn var hann dæmdur í 2 1/2 mánaða fangelsi. Í raðsönu yfir þessum ádráða þrjátíu dómárinu, að það væri vegna barna hans að hann forðaði honum frá betrunarhúsvist, og því fékk hann 23 mánaða fangelsi, en ekki 24 eða meir, því sé innisetan 2 ár rétt, má maðurinn til að fara í betrunarhúsið. Málafutningsmenn Earle's hafa í hug að reyna að fá dóm þennan ónyttan.

Í kvöldi gefst mönnum kostur á að gleða sig og jafnframt leggja korn í sjóð til hjálpar nauðstöðum Íslandingsum hér í bænum. Eins og getið var um hér í blaðinu fyrir nokkru síðan hafa sunnudaga skólakennararnir í fyrstu íslensku lútersku kirkjunni skipað sér í nefnd til að aðstoða nauðbændi lands sína hér í bænum í vetur, nokkuð, sem allir hljóta að viðurkenna nauðsynlegt, og hjálpar nefndin að sögn öllum sem þurfa eru eða verða, að svo miklu leyti sem hún hefir vald yf, án tillits til þess hvort ná hinn sami er meðlimur nokkurs safnaðar eða einskis. Ný hefir nefndin farið þess á leit við leikflokkin, að hann legði hönd á þetta verk. Leikflokkin inn tók því vel og leikur nú hið alþýðlega rit "Efnitryri á gönguför" í kvöldi í því skyni að alt sem inn kemur renni í þennan fátækra styrktar sjóð. Unitara-söfnunurinn ljær hús sitt ókeypis, musikantarnir spila ókeypis og þeir sem færa tjóðin og búa leiksviðið vinna einnig án kaups, svo gera og dýraverðirnir og allir, sem á einn eða annan veg þjóna að líkunum. Það er því þannig tím höfð, að bókstaflega hvert cent, sem inn kemur fyrir leikinn í kvöld, fellur í þennan fátækra sjóð. Þegar þess vegna allir þeir, sem hjálpaðast að við að framleiða jafn-ágeta skemtan og þessi leikur er, vinna í kvöld án alls endurgjalds, þá er ekki nema sennilegt að allir, sem njóta skemtanarinnar, geri sér að skyldu að kaupa nú aðgöngumíða og með því skenta sér undireins og þeir hjálpa fátökum. Þeir, sem hafa einn ekkri komið á leik þennan, settu nú ekki að sleppa þessu eina tækifæri, sem býst um langan tíma, til að sjá hann.

Tjaldrið verður undið upp kl. 8 í kvöld, og ef vel er að verið setti þá Unitara-salurinn að vera svo þéttsettur á horfendum, að stödurinn sé ófánlegt.

Sveitarlífið og Reykjavíkurlífið, fyrirlestur eftir meenta og gáfukonuna Briet Bjarnhéðinsdóttir, konu Valdimars ritstj. Ásmundssonar. Fyrirlesturinn er 56 bls. að lengd og er skarplega dregin þennamynd af lífi manna á Íslandi. Er hann frólegur fyrir alla, en þó sérstaklega fyrir þá, sem yfirgáfu eittjóðu sína á unga aldri.

Fréin eintök fást keypt á afgreiðslu stofu Hkr.

Eintakið 20 cents.

ÍSAK JÓNSSON 744 Ross Ave.

Tekur að sér allskonar smíðar, svo sem húsmuni, húsabyggingar, viðgerðir o. fl.

FRÁ LÖNDUM.

Frá Tindastöð, Alberta, er oss ritað 18. þ. m.: "Veður heldur vetrarlegt. Í gær fann mokstur af norðri allan daginn. Í dag sunnanþeja og besta slobafæri komið. Frost s fyrir neðan zero í morgun."

Í kosningariminni síðustu í Dakota var að sögn enginn í flokki Demokrata jafmjökum öðrum kafinn og íslenski unglingsálfurinn (teplega tvítugur?) Barði Guðmundsson Skólasonar) frá Reykjavöllum í Skagafirði. Hann hafði helst aldrei fríð nótt eða dag, því allir heimtudu hann á fund hér og fund þar, til að halda uppi málefni demokrata. Því enginn þótti standa honum á sporði, svo meiskur er hann og fróður í hinni pólitísku sígu landsins. Að loknu "stríðinu" heldur hann áfram námi sínu á Grand Forks háskólanum.

Einhver ónafgreindur maður hér í bænum sendir oss litla úrklippu úr ónafgreindu blaði í Boston þar sem segir að nefnd merkra kvenna þar (í Boston) sé að hugsa um að kaupa alt íslenska gripasafnið, sem Mrs. S. Magnússon hafði á heimssýningunni í Chicago í fyrra, og gefa það fagurlistasafninu þar í borginni. Í þessari grein er þess getið að munir þessir séu virtir meir í Boston, en þeir hafi verið í Chicago, þar sem þeir voru eins og tyndir í hnu ágilega dýrgripasafni umhverfis. Þar er þess og getið, að Mrs. Magnússon hafi sérstaka löngun til að útvega íslenskum stólum kenslu í læknisfræði, sé það bryta nauðsyn að þær sem flestar hafi læknislega þekking, af því hve langt sé að sækja til lekna.

Til rentu

eru herbergi á Broadway House, bæði fyrir fjölskyldu og lausafólk, mjög þægileg fyrir veturinn. Þess skal getið að brunmur er við húsið með ágætu vatni. Komíð og skoðið herbergin og spyrjið um leiguskiðmála hjá T. Finkelstein, Broadway House.

Til hægðaraúka

fyrir fólk sem býr í vesturhluta þéjarins höfum vér byrjað að verla með allskonar skófatnað, sokka, vetlinga o. fl. Og leitumst vér við að hafu á boðstöðum svo vandaða og ódýra vöru að allir þeir, sem við oss skifta megi verða ámeðir.

C. Christianson & Co. 660 Young Str.

R. C. Howden, M.D.

Christofur af McGill háskólanum.

Skrifstofa 562 Main Str. . . . . Heimili 209 Donald Str.

Skrifstofutími frá kl. 9 árd. til kl. 6 síð. — Gefur sig einkum við kvensjúkdómum.

Landar í Selkirk.

Ef þið þurfið málafutningsmanns við, þá reynið John O'Reilly, B. A., Barrister, Attorney Etc. Skrifstofa í Dagg-Block, SELKIRK, MAN.

TILBUINN FATNADUR

— í —

The Blue Store

Nr. 434 Main Street. Merki: Blá Stjarna.

Það er hífum nýlega fengið miklar byrgðir af tilbúnum fátum, úr besta efni, og með nýjasta sniði, sem verður að seljast tafarlaust án tillits til verðs — þá bjóðum vér öllum að koma og velja hvað þeim sýnist.

Gáið að BUXUM SEM ERU MERKTAR \$1.50 VIÐ BÚÐARDYRNAR.

Gáið að VERÐINU Á KLEÐNADINUM Í BÚÐARGLUÐUNUM.

Vér beidumst þess að eins að þér komið, og sannferið yður um það sem vér segjum.

MUNID EPTIR

Blue Store.

Merki: Blá stjarna.

A. CHEVRIER.

The Great Northwestern Bargain House.

C. E. Nelson, eigandi.

Verzlar með fatnaði, álmavöru, gólfteppi, skó og stigvél, hatta háfur, og alt sem karla, og kvenna fatnaði tilheyrir.

Mikil matvörusala. Bændavara keypt hesta verði.

C. E. NELSON eigandi.

Park River N. D.

Auglysing.

Biðjið og mun yður gefast.

Gefast tækifæri að kaupa betri vörur af öllum fjórteygundum heldur en annastaðar er mögulegt að fá í þessum bæ. Reynið hvað satt er í limum þessum. Engin sögusög, að eins reynsla.

W. BLACKADAR.

131 HIGGIN STR.

KOMIÐ Í BÚÐ

ASLAKSON & PETERSON,

EDINBURGH, N. DAK.

Þeir hafa til sölu vörur þær sem seldar voru úr bád S. Carincross í Grafton og selja þær með mjög vægu verði.

Aslakson & Peterson,

EDINBURGH, N. DAK.

50 Valdimar munkur. "Kæri Alarik — Ég sendi þér þennan miða með sendimanninum, sem forði mér hann, og fel ég þér hér með á hendur alla afgreiðslu málsins fyrir mína hönd. Ég let að öllu stjórnað af þeim reglum er þú setur. Rurik". Eftir að hafa ritað þetta, lét Rurik Urzen lesa það og spurði hann svo hvort hann væri fús til að bera bréfið. Urzen játti því og braut þá Rurik það ófugt við hin fyrri brot þess, skrifaði svo utan á það til Alariks Orsa, og fékk það svo Urzen. Hann tók við því, hneði sig og gekk burt án þess að segja meira. Klukkan átta um kvöldið stáðnemdust lestar með sleða fyrir dýrum Ruriks og Alarik Orsa gekk ívatlega inn. Hann kalliði Rurik fram í dagstofuna og sagði honum hvar komið var. "Damaoff er bráðlátur", sagði hann, og höfum við þess vegna samíð um að kölmngangan skuli fara fram klukkan tíu árlegis á morgun í skólanum á írbakkannum á sveignum rétt fyrir höndun Viska hæðina. "Og vopnin, hver eru þau?" spurði Rurik. "Sverð", svaraði Alarik. "Greifinn kemur með sitt eigið sverð og gefur þér rétt til að kjósa hvaða helst sverð sem þér sýnist". "Ég þakka þér innilega fyrir alla fyrirhöfina og umönnunina", sagði Rurik. "Ég skal lofa því að líta ekki standa á mér". "Hvað segirðu um að ég komi við í fyrramálið og taki þig með mér?"

51 Valdimar munkur. mér, hefir ekki keisarinn légleitt einhver ný ákveði áhrerandi þessi hölmögungu-mál?" "Já þannig, að sí einu, er upphafinn veldur, bari ábyrgðina. Í augum laganna er sí syku, sem skoraður hefir verið á hölm". "Þá skal ég heldur ekki koma með fleiri mótbærar", sagði Claudia. Hún gerði sér alt far um að tala léttuðarla, en henni var ómögulegt að dylja að sorgin lá eins og farg yfir hjarta hennar. "Eftandheitar bœmir getu afstýrt högmum, skyldi þau aldrei falla, en minar bœmir eru vasmáttugar". Þar sátu síðan þéjandi um stund. Bæði vildu segja eitthvað það, sem hvorugt kom sér að að segja. Um síðir hélt Claudia upp bugann og sagði, og gerði jafnframt sitt ýrasta til að aftra trúnum að greyma: "Er það nokkuð, Rurik, sonur minn, sem þú villir segja, nokkuð áriðandi, inn þá villir ákveða?" "Nei, nóbör min, nei, svaraði Rurik, og gerði sér upp keruleysi. "Ég er sonur þinn og sit sem ég á er þin eign líka. En ég fell ekki — Ég kem aftur". "Vertu ekki of viss í þinni sök, sonur minn, og latu ekki slíka vissu koma þér til að gjevma það þinum. Ég hef heyrð af þessum greif, það var hann sem feldi Rutger og fyrir honum fjólf einnig Monjak í einvígi. Hann er vígimur meður og hann atlar þér að falla, því máttu trúa". "Það veit ég, móðir mín. En gleyrdu ekki

52 Valdimar munkur. ofan mig að mannvörðingum, get ég ekki hagnýtt stéttaskiflinguna til að neita. Ég er neyddur til að berjast". "Jæja", sagði þá Claudia lagt og veittist órdugt að tala, "þá skaltu heldur ekki þurfa að hugsa að móðir þín vilji aftra þér. Ef þín eigin, skýra og góða skynsemi sefir þér að fara — þá skaltu hlýða því boði. Ef þeir, sem víðstaddir verða, færa þig heim til mín kaldan og stírdænum í dauðanum, þá skal ég biðja fyrir sálinni, sem flogin er burt, biðja og vona að við hittu mast aftur í heimkynnum honna endurleysta. Ef þú kemur aftur heil eða lifandi, skal ég þakka guði fyrir verndina, þó þú verði gleði mín blandin sorg, af því heldur þú þar hjá því flekkadar af annars manns blóði, og af þeirri meðvitund, að mín gleði er þá annars sorg". "Nei, nei móðir mín góð" sagði Rurik hræður. "Ef mögulega verður hjá því komist, skal annars manns blóð aldrei flekka hendur hendur minar. Ég lofa því, að taka ekki líf hans néna um ekkert annað sé að gera til að forða mínun eigin lífi, þó þú hann sé orsök í öllu þessu sjálfar — öllu frá upphaf. Hann byrjaði á lílfrifunum, og hann sjó fyrsta höggið. Ná skorar hann mig á hölm og af því leiðir að öll ábyrgðin er hans, en ekki mín". "Það er rétt, sonur minn, að því er hann sjálfur snertir. Ábyrgðin, sem hvílir á þér, snertir eðllega samviku þína. En, segðu

53 Valdimar munkur. "Það væri mér sönn ánegetja, ef þú villir gera svo vel", svaraði Rurik. "Jæja, þá setla ég að gera það", sagði Alarik. "Ég skal sjá um að koma hingað nógu snemma, og fer þú vel á að við komum báðir saman á hölm göngusviðið". Þetta var aftrúið og kvaddi þá Alarik og fór. Rurik gekk til setis síns við arninn í borðstofunni og tók þá eftir því, að móðir hans horfði á hann og athugaði hann nákvæmlega en venja var til. Hann hafði í fyrstu aftrúið að segja henni ekkert frá þessu einvígi sínu fyrr en hölm gangan væri afstaðin, en eftir því sem tíminn nálgadist, eftir því varð hann óráðnari í þeirri fyrirtælan sinni. Var nú vist hvar hann yrði og hvernig á sig kominn að hölmögungunni afstaðinni. Þennan hugsanaþráð hans sleit móðir hans með því að tala til hans. "Þú fyrirgefur, Rurik", sagði hún og rédd hennar tiltrúð lítúð eit, "þó ég hlýfast inn í leyndarmál þín. Ég get ekki glúlið það fyrir sjálfri mér, að eitthvað óvænlegt stendur til. Til hvers koma þessir menn allir, einn eftir annan? Og því ert þú svo þögull? Þú vörður kennir tilfönningar móðurinnar og afsakar þess vegna að eg er forvitin og órjúg". "Aðvitað, móðir mín, et nokkuð væri að sakka", svaraði Rurik og horði um stund á móður sína, "og", hélt hann áfram, "ég hefði aftrúið óður en þú talaðir til mín, að segja þér alla sögunna".

54 Valdimar munkur. "Það væri mér sönn ánegetja, ef þú villir gera svo vel", svaraði Rurik. "Jæja, þá setla ég að gera það", sagði Alarik. "Ég skal sjá um að koma hingað nógu snemma, og fer þú vel á að við komum báðir saman á hölm göngusviðið". Þetta var aftrúið og kvaddi þá Alarik og fór. Rurik gekk til setis síns við arninn í borðstofunni og tók þá eftir því, að móðir hans horfði á hann og athugaði hann nákvæmlega en venja var til. Hann hafði í fyrstu aftrúið að segja henni ekkert frá þessu einvígi sínu fyrr en hölm gangan væri afstaðin, en eftir því sem tíminn nálgadist, eftir því varð hann óráðnari í þeirri fyrirtælan sinni. Var nú vist hvar hann yrði og hvernig á sig kominn að hölmögungunni afstaðinni. Þennan hugsanaþráð hans sleit móðir hans með því að tala til hans. "Þú fyrirgefur, Rurik", sagði hún og rédd hennar tiltrúð lítúð eit, "þó ég hlýfast inn í leyndarmál þín. Ég get ekki glúlið það fyrir sjálfri mér, að eitthvað óvænlegt stendur til. Til hvers koma þessir menn allir, einn eftir annan? Og því ert þú svo þögull? Þú vörður kennir tilfönningar móðurinnar og afsakar þess vegna að eg er forvitin og órjúg". "Aðvitað, móðir mín, et nokkuð væri að sakka", svaraði Rurik og horði um stund á móður sína, "og", hélt hann áfram, "ég hefði aftrúið óður en þú talaðir til mín, að segja þér alla sögunna".